



LUNGA FESTIVAL

STAÐAN EFTIR COVID 19

LUNGA, LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKS

AUSTURLANDI

LungA hátíðin var fyrst haldin árið 2000 og hefur verið haldin hvert ár síðan þá eða í 23 skipti. Síðust tvö ár hafa þó verið með töluvert öðru sniði en vanalega vegna heimsfaraldursins Covid 19. Hér á eftir fer fram samantekt á fjárhagsstöðu hátíðarinnar, sem stendur nú völtum fæti vegna Covid 19.

Það leikur enginn vafi á að LungA hefur spilað stórt og mikilvægt hlutverk í listasenuni undanfarna áratugi og var ein afhelstu brautryðjendum á sínum tíma til að gefa grasrótinni jafnt sem ungu og óreindu upprennandi listafólki rými til þess að skapa, læra, kynna og síðast en alls ekki síst sýna afrakstur vinnu sinnar. Hátíðin hefur tekið á móti nánast öllu helsta lista- og tónlistafólki Íslands í gegnum tíðina og hefur einnig alið af sér frábært listafólk á ýmsum sviðum sem stigu sín fyrstu skref á LungA sviðinu.

Það er einnig augljóst hverjum þeim sem það vill sjá að LungA hefur átt stóran hluta í að koma Austurlandi og þá ekki síst Seyðisfirði á kortið. Um hátíðina hefur verið ritað í mörgum að stæðstu tímaritum heims og er hátíðin nefnd í svo gott sem öllum ferðabæklingum og bókum sem gefið hefur verið út á síðustu áratugum. Þetta er ekki skrýtið þar sem að LungA hátíðin býður upp á einstaka alþjóðlega dagskrá sem er öll meira og minna ókeypis eða mjög ódýr, til þess einmitt að tryggja ungu fólki aðgang að list og listfræðslu óháð stétt og stöðu.

LungA er alþjóðleg hátíð, bæði að því leitinu að listamenn sem koma fram á hátíðinni eru alþjóðlegir en það eru þátttakendur í listasmiðjum og ungmennaskiptiverkefni hátíðarinnar einnig. LungA er stæðsta lista og menningarhátíð fjórðungsins og líklegast landsbyggðarinnar allrar, bæði í fjölda og umfangi viðburða sem og þátttakenda fjölda.

LungA hefur leitt ungmennaskiptiverkefni í samvinnu við Erasmus+ í tæpa tvo áratugi og hlaut sérstök heiðursverðlaun Erasmus+ árið 2017 fyrir vel unnin störf í þágu ungmenna. Hátíðin hlaut einnig Eyrarrósina árið 2006 og hefur hlotið fjöldan allan af viðurkenningum og verðlaunum bæði hér heima og erlendis.

LungA veltir í kringum 40.000.000 kr á ári og myndum við áætla að minnstakosti helmingurinn verði eftir í fjórðungnum.

Árið 2019 var gott ár fyrir LungA hátíðina. Reksturinn var í góðum farvegi og hátíðin endaði c.a. 3.000.000 kr í plús. Ef ekkert hefði í skorist og rekstur hátíðarinnar hefði haldið áfram á þessari braut hefði það þýtt að við gætum farið að borga fólki örlítið betri laun og styrkja innviði hátíðarinnar sem er mikið til unnin í sjálfboða vinnu (eða mjög illa launaðri vinnu) og á vana greiðum.

Árið 2020 var hátíðin full skipulögð, forsala á tónleika hafin og auglýsingar vegna þess farnar í loftið þegar að Covid 19 skall á og flauta þurfti hátíðina af. Launakostnaður var orðinn töluverður og annar kostnaður einhver. Hátíðin sem aldrei varð kostaði því tæplega 10.000.000 kr. Ákveðið var að nýta þá vinnu sem nú þegar var unnin til góðs og úr varð lítill fögnuður í tilefni 125 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaða, afmælisgjöf frá okkur, en LungA hátíðin átti einnig 20 ára afmæli þetta sama ár.

Sem betur fer fengum við að halda styrknum frá Uppbyggingasjóði sem og Seyðisfjarðarkaupstað en við fengum einnig að færa Erasmus+ verkefnið okkar til næsta árs (sem svo færðist eitt ár í viðbót eða þangað til í ár, af sömu ástæðum). Þetta gerði það að verkum að við náðum ákkúrat að standa undir kostnaði og rétt rúmlega það með gróða ársins 2019, en í raun og veru vorum við 8.000.000 kr í tapi.

80% af Erasmus+ styrknum er greitt út í upphafi verkefnis, sem þýðir að 6 milljónir af 8 hafa verið á banka reikningnum okkar frá því 2020 og hafa því nýst til þess að brúa bilið. Í ár var ungmennaskiptiverkefni Erasmus+ og LungA svo haldið og því erum við fyrst að finna fyrir Covid tapinu núna, 2022. Okkur hefur þó tekist að minnka tapið úr 8.000.000 kr í um 5.000.000 kr og er staðan sú í augnablikinu að vantar okkur um 5.000.000 kr til þess að geta borgað síðustu reikninga sem nú þegar eru komnir í vanskil.

Þessvegna biðlum við nú til ykkar um aukin styrk, Covid 19 styrk, til þess að koma í veg fyrir að fræðslu, lista og menningarhátíðin sem fært hefur svo mikið til samfélagsis, markaðssetningu, upplifanir og beint fjármagn, fari ekki á hausinn. Ekki vegna lélegrar fjármálastjórnunar heldur vegna heimsfaraldurs.

Með vinsemd og virðingu

Björt Sigfinnsdóttir

Framkvæmdastýra LungA
hátíðar og skóla